



# Fréttabréf Húnavatnshrepps

Á.b.m Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

6.tbl.2017

*Vinátta – Frumkvæði – Gleði - Frelsi*

## Ágætu sveitungar

Í þessu fréttabréfi verður farið lítillega yfir það sem er að gerast í sveitarfélaginu um þessar mundir.

## Jólaþveðja:



*Sveitarstjórn og starfsfólk Húnavatnshrepps óskar íbúum sveitarfélagsins og landsmönnum öllum, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.*

## *Um áramót:*

Í upphafi aðventu lauk sveitarstjórnin við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Með fjárhagsáætlun setur sveitarstjórnin sér markmið um það sem gera skal á komandi ári. Jafnhliða þessari vinnu er skoðað hvernig til hefur tekist á yfirstandandi ári og það sem gæti betur farið. Sveitarstjórnin er með talsverðar breytingar fyrirhugaðar í rekstri sveitarfélagsins. Áhersla verður lögð á að koma sem mest til móts við íbúa sveitarfélagsins. Má nefna sem dæmi að námsstyrkir hækka, viðhald girðinga og rétta eykst og styrkir til menningar og æskulýðsstarfs hækkar.

Framundan er nýtt ár sem við leggjum út í án þess að vita hvað það ber í skauti sér. Margir fagna góðum árangri á árinu sem er að líða, aðrir eiga um sárt að binda sökum ástavinamissis eða annarra áfalla. Hugsanlega lærum við af þeirri bitru reynslu sem af slíku fæst og notum tímann vel með okkar nánustu ættingjum og vinum.

Mikilvægt er að stjórnvöldum takist vel til við að byggja upp atvinnumöguleika í landinu. Grundvöllur þess að búsetuskilyrði séu góð á hverjum stað er að næg atvinna sé til staðar, háhraðanet, samgöngur og góð þjónusta.

Möguleikarnir eru miklir og engin ástæða til þess að láta hendur falla sér í skaut enda þótt vindurinn sé í fangið. Nýta þarf kraft og hugvit íbúanna til þess að spila úr þeim möguleikum sem við höfum í hendi til þess að byggja upp gott og stöðugt mannlíf í sveitafélaginu.

---

*Ef þú heldur að þú getir það, þá getur þú það.  
Ef þú heldur að þú getir það ekki, þá tekst það aldrei.*